

Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Reykjavík, 21. nóvember 2024
UST202410-245/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Húnabyggðar 2025-2037- Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Húnabyggðar er barst 28. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Húnabyggðar.

Náttúruvernd og aðalskipulag

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að markmið hennar sé að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í greinargerð lýsingar segir að m.a. náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun verði hafðar til viðmiðunar í umhverfismati. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gerð verði grein fyrir náttúruverndarsvæðum í aðalskipulaginu, þar á meðal votlendi, náttúrulegum birkiskógum, friðlýstum svæðum og öðrum svæðum á náttúruminjaskrá, svo eitthvað sé nefnt.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sett séu skýr markmið og stefna í skipulagsáætluninni til að tryggja vernd verndarsvæða og að framtíðar uppbygging beinist frekar að þegar röskuðum svæðum og svæðum með minna verndargildi.

Friðlýst svæði og samráð

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru friðlýst svæði, eins og Guðlaugstungur¹, Hveravellir² og Hrótey³. Umhverfisstofnun telur að þar sem mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt friðlýsingarskilmálum sé nauðsynlegt að samvinna verði höfð við stofnunina um endurskoðun aðalskipulagsins að því er varðar friðlýst svæði.

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-vestra/gudlaugs-og-alfgeirstungur/>

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-vestra/hveravellir-a-kili/>

³ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-vestra/hrutey-i-blondu/>

Auk þess bendir stofnunin á að unnin hefur verið stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hrótey sem mikilvægt er að aðalskipulagið samræmist.⁴

Umhverfisstofnun óskar því hér með eftir samráðsfundi með sveitarfélaginu áður en vinnslutillaga er kynnt til þess að fara yfir þá þætti sem mikilvægt er að ræða milli Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins við gerð þessarar áætlunar.

Áhrifasvæði friðlýstra svæða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að notkun lands sem liggur að friðlýstum svæðum sem geti á einhvern hátt haft áhrif á þau. Samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfsemi eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að haft sé samráð við stofnunina, í samræmi við reglugerð um vegir í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd, á vinnslustigi verkefnis innan friðlýstra svæða.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru hraun, votlendi, stöðuvötn, tjarnir og fossar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvörubæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sveitarfélagið setji sér stefnu og markmið um verndun svæða í samræmi við ákvæði laganna.

Ef sveitarfélagið skilgreinir landnotkunareit í skipulagsáætluninni þar sem eru vistkerfi og/eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta rask á þeim vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar.

Fjallað er um svæði sem njóta sérstakrar verndar í 6.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem fjallað er um takmarkanir á landnotkun. Í 6.3. gr. e.-lið segir: Önnur náttúruvernd (ÖN). Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

⁴ https://ust.is/library/sida/Nattura/Undirritu%c3%b0_160623_Hr%c3%b0atey.pdf

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að fjallað sé um þau vistkerfi og jarðminjar sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd í greinargerð og á myndum, að þau séu kortlögð og fjallað sé um umfang þeirra.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Umhverfisstofnun telur það nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni.

Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.⁵

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða (m.a. útþensla byggðar), mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.⁶

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram í forsendum nákvæma núverandi stöðu og svo stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis og eyðingu ágengra tegunda, svo eitthvað sé nefnt, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Loftslagsmál - Endurheimt

Að mati Umhverfisstofnunar gegna sveitarfélögin mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er ein aðgerðin að vernda og endurheimta votlendi og þessu tengt telur Umhverfisstofnun að skipulagsáætlanir séu öflugt verkfæri til náttúruverndar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að kortleggja þau tækifæri innan sveitarfélagsins til að endurheimta náttúruverðmæti sem stuðla að náttúruvernd og líffræðilegum fjölbreytileika. Þetta á ekki einungis við um endurheimt á votlendi og náttúrulegum birkiskógum (ef við á) heldur einnig endurheimt á röskuðum svæðum og frágangi á námum svo eitthvað sé nefnt.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist

⁵ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolebreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

⁶ <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolebreytni-til-framtidar>

skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Mengaður jarðvegur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar, við gerð skipulags. Skráin er ennþá í vinnslu en stofnunin bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum þar sem grunur er um mengun. Mikilvægt er að kortleggja þessi svæði eins nákvæmlega og hægt er og að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.⁷

Skógrækt

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í aðalskipulaginu verði gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við skipulagsreglugerð. Í henni segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða.

Ef skógræktarsvæði verða ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsuppdraetti telur stofnunin nauðsynlegt að sýna skógræktarsvæði á sérstöku þemakorti.

Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að sett verði fram skýr stefnumörkun varðandi skógrækt í aðalskipulaginu ef stefnt er að eflingu skógræktar innan sveitarfélagsins. Stofnunin telur nauðsynlegt að sett verði sértæk markmið eða skilyrði varðandi skógrækt, s.s. að skógrækt spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum eða búsetuminjum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða eða að skógræktin hafi ekki neikvæð áhrif á búsvæði mófugla.

Óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögum hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu.

⁷ <https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENGJ>

Mat á umhverfisáhrifum á verndarsvæðum

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þau verkefni/framkvæmdir sem falla undir 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Umhverfisstofnun vill benda sveitarfélaginu á að skoða hvað fellur undir iii. lið 2. tölul. 2. viðauka laganna.

Loftslagsstefna

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í c. lið 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Vatnamál

Í greinargerð lýsingar er fjallað um vatnamál á nokkrum stöðum. Umhverfisstofnun bendir á að meta þarf áhrif áætlunarinnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027.⁸ Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Vitnað er í vatnaáætlun á bls. 7 í greinargerð.

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort

⁸ <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>.

framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.⁹ Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála¹⁰). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun bendir á að endurbætur á fráveitumannvirkjum þurfa að fylgja m.a. stækkun á þéttbýlinu.

Umhverfisstofnun bendir á að í Stöðuskýrslu fráveitumála 2022 (bls. 7) segir um stöðu skólpamála á Blönduósi: *Tvær megin útrásir, 90% af skólpinu fer í gegnum hreinsistöð sem grófhreinsar skólpið, austanmegin við ána. Áætlanir um úrbætur.*¹¹

Tengsl við aðrar áætlanir - Umhverfispættir og matsspurningar

Umhverfisstofnun telur þá umhverfispætti sem lagða eru fram ágætir, en líklegt sé að fleiri þættir munu koma fram og spurningar munu vakna þegar líður á verkefnið. T.d. mætti umfjöllun um mengun og heilsu vera nákvæmari þar sem fjallað væri um hljóðvist og loftgæði. Umhverfisstofnun lítur svo á að hér sé einungis verið að gera lauslega grein fyrir

⁹ [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

¹⁰ [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

¹¹ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskysrsla_fraveitumala_2022_2.pdf

helstu stefnum, áætlunum, umhverfisþáttum og matsspurningum, sem er ekki tæmandi, og verða svo uppfærðar þegar vinna hefst.

Umhverfisstofnun vill hins vegar benda á að íslenska ríkið hefur tekið á sig ýmsar skuldbindingar á alþjóðlegum vettvangi sem horfa þarf til.¹²

Úrgangsmál

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisráðherra gaf út, í júní 2021, nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*.¹³

Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: *Í átt að hringrásarhagkerfi*.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

¹² <https://ust.is/nattura/althjodlegar-skuldbindingar/>

¹³ [Í átt að hringrásarhagkerfi - Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum](#)